

**Nd.**

**128. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

**1. gr.**

Á eftir 2. málsg. 27. gr. laganna komi:

Þó má hreppsnefnd, með samþykki sýslunefndar, og bæjarstjórn, með samþykki atvinnumálaráðherra, ákveða aðra gjalddaga á útsvörum.

**2. gr.**

Í stað „1½%“ í 30. gr. laganna komi: 1%.

**3. gr.**

Lög þessi koma til framkvæmdar jafnskjótt sem þau hafa öðlzt staðfestingu konungs.